

Ed.

289. Frumvarp til laga

[142. mál]

um breyting á lögum nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

14. gr. 6. tl. 3 og 4 orðist svo:

3. Húsavíkurumdæmi.

- 1) Húsavík H 2, starfssvæði Aðaldælahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörnes-hreppur, Flateyjarhreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykjahreppur, Reykdælahreppur og Skútustaðahreppur.
- 2) Laugar H.
- 3) Reykjahlíð H.
- 4) Stórutjarnir H.
- 5) Kópasker H 1, starfssvæði Kelduneshreppur, Öxarfjarðahreppur, Fjallahreppur, og Presthólahreppur.

4. Þórshafnarumdæmi.

- 1) Þórshöfn H 2, starfssvæði Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur, Sauðanes-hreppur og Raufarhafnarhreppur.
- 2) Raufarhöfn H.

2. gr.

14. gr. 7. tl. 1 orðist svo:

1. Egilsstaðaumdæmi.

- 1) Egilsstaðir H 2, starfssvæði Hlíðahreppur, Jökuldalshreppur, Hróarstungu-hreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egils-staðahreppur, Skriðdalshreppur, Hjaltastaðahreppur, og Borgarfjarðahreppur.
- 2) Borgarfjörður eystri H.
- 3) Seyðisfjörður H 1, starfssvæði Seyðisfjarðarkaupstaður, Seyðisfjarðahreppur og Loðmundarfjarðahreppur.
- 4) Vopnafjörður H 1, starfssvæði Vopnafjarðahreppur og Skeggjastaðahreppur.
- 5) Bakkafjörður H.

3. gr.

14. gr. 9. tl. 1 og 2 orðist svo:

1. Keflavíkurumdæmi.

- 1) Keflavík H 2, starfssvæði Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Hafna-hreppur, Grindavíkurkaupstaður, Miðneshreppur, Gerðahreppur og Vatnsleysu-strandarhreppur.
- 2) Grindavík H.
- 3) Sandgerði H.
- 4) Gerðar H.

2. Hafnarfjarðarumdæmi.

- 1) Hafnarfjörður H 2, starfssvæði Hafnarfjarðarkaupstaður.
- 2) Garðabær H 2, starfssvæði Garðakaupstaður og Bessastaðahreppur.

4. gr.

14. gr. 10. tl. orðist svo:

- 14.10. Þrátt fyrir framangreinda skiptingu og þar til öðruvísi verður ákveðið skal heilsugæslustöðin í Stykkishólmi þjóna Flateyjarhreppi og heilsugæslustöð í Búðardal sjá um lækningarmóttöku á Reykhólum. Sveitarfélög skulu greiða sína hlutdeild í kostnaði við byggingu, búnað og rekstur heilsugæslustöðva á þeim stað, sem þau sækja þjónustu til. Ráðherra getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir ákveðið breytingar á framkvæmd einstakra málsliða samkv. 2.—9. mgr. þessarar greinar.

5. gr.

34. gr. 4. tl. orðist svo:

- 34.4. Ríkissjóður og sveitarfélög eru eignaraðilar í hlutfalli við framlag til sjúkrahúsbygginga. Viðhaldskostnaður vegna fasteigna og tækja greiðist af daggjöldum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og er með því lagt til að lögfestar verði nokkrar breytingar á skipan umdæma samkvæmt lögum nr. 57 20. maí 1978 um heilbrigðisþjónustu. Er þetta gert til hagræðingar með hliðsjón af fenginni reynslu sérstaklega hina síðustu mánuði. Ennfremur er með frumvarpi þessu reynt að leiðrétta augljósar misfellur í gildandi lögum.

Frumvarpið gerir auk ofanritaðra breytinga, ráð fyrir hreyttri greiðslutilhögun varðandi viðhaldskostnað fasteigna og tækja sjúkrahúsa.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Lögð er til sú breyting á 14. gr. 6. tl. 3 að Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur falli undir starfssvið heilsugæslustöðvar á Kópaskeri í stað Húsavíkur. Liggja til þess eðlilegar og landfræðilegar ástæður.

Í frumvarpi því til nýrra laga um heilbrigðisþjónustu, sem lagt var fram 1978, var gert ráð fyrir því að á Kópaskeri yrði heilsugæslustöð án lækna, þ. e. a. s. H stöð. Alþingi breytti þessu þannig að samkvæmt lögnum er þar H 1 stöð, en á slíkum stöðvum skal starfa einn læknir. Hins vegar láðist að ákvarða Kópaskeri sérstakt starfssvæði og er hér með reynt að bæta úr því. Lögð er til sú breyting á 14. gr. 6. tl. 4 að á Raufarhöfn verði H stöð í stað H 1 og jafnframt að í stað H 1 stöðvar á Þórshöfn verði H 2 stöð þar sem starfa tveir læknar hið minnsta. Hér er um tilfærslu að ræða til þess að auðveldara verði að fá lækna til starfa. Ógerningur hefur reynt að fá lækni til að setjast að á Raufarhöfn og erfiðlega að fá lækni til Þórshafnar. Með því að ætla tveimur læknum aðsetur á Þórshöfn, sem er miðsvæðis og betur búið húsnæði og tækjum heldur en Raufarhöfn, eru líkur á því að betur gangi að fá lækna, ekki bara einn heldur tvo. Þetta fyrirkomulag var áður samkvæmt lögum nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu og gafst betur en hin gildandi skipan.

Um 2. gr.

Lögð er til sú breyting á 14. gr. 7. tl. 1 að Skeggjastaðahreppur falli undir Vopnafjörð í stað Bakkafjarðar en á Bakkafirði er H stöð og getur hún sem slík ekki haft afmarkað starfssvæði þar sem ekki er samkvæmt lögum gert ráð fyrir lækni þar.

Um 3. gr.

Lagt er til að 14. gr. 9. tl. 1 og 2 verði breytt þannig, að Vatnsleysustrandarhreppur falli undir starfssvæði heilsugæslustöðvar í Keflavík í stað Hafnarfjarðar. Vatnsleysustrandarhreppi hefur til þessa verið þjónað frá Keflavík og féll undir starfssvæði Keflavíkur samkv. fyrri lögum um heilbrigðisþjónustu frá 1973, enda er sú skipan á allan hátt eðlilegri.

Um 4. gr.

Lagt er til að 14. gr. 10. tl. verði breytt þannig að burt falli setningarhlutarnir „og heilsugæslustöð á Þórshöfn þjóni Skeggjastaðahreppi“. Framvegis verður Skeggjastaðahreppi þjónað frá Vopnafirði eins og héraða- og umdæmaskipan gerir ráð fyrir.

Um 5. gr.

Lagt er til að viðhaldskostnaður vegna fasteigna og tækja sjúkrahúsa greiðist af daggjöldum eins og reksturinn almennt.

Samkvæmt gildandi skipan er gert ráð fyrir því að ríkissjóður og sveitarfélög greiði þann kostnað að jöfnu. Hefur þessi skipan sætt mikilli gagnrýni sveitarstjórna sérstaklega með hliðsjón af því að ríkið er eignaraðili að 85% sjúkrahúsbygginga í samræmi við framlag sitt samkvæmt lögunum en sú skipan var tekin upp með lögum nr. 56/1973. Hefur mörgu sveitarfélaginu reynst erfitt að standa undir sínum hluta þess kostnaðar, þannig að hér er lagt til að þetta verði fellt undir núgildandi rekstrarkerfi enda eðlilegt að líta á slíkt viðhald sem rekstrarkostnað.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.